

## 62 Y. 1/34 Pjóðleg eimskip.

Í fyrrasumar var jeg farþegi á hinu ágæta skipi Gullfossi frá Akureyri hingað til Reykjavíkur. Kemur mjer í hug í sambandi við íslensku vikuna, að minnast á matinn þar á skipinu. Kex og ostur var mjer hvorttveggja sagt útlent. Harðfiskur sást þar ekki, en mjer virðist sem harðfiskur, vit-anlega af bestu tegund, ætti að vera framreiddur á öllum þessum skipum. Fískost (Fish cheese) vísindalega verkaðan siginn fisk, þýðir ekki að tala um að sinni en ekki þykir mjer ólíklegt, að sú tegund fiskverkunar gæti átt framtíð fyrir sjer og orðið til þess að gera sjávarútveginn arðmeiri (sbr. grein mína í Eimr. 1928: Um betri not af fiski).

Í aukagetu fengum við þarna á Gullfossi ananas og er það að vísu ágætur ávöxtur, sem ekki má skemma með því að baka hann í mjöli, eins og þarna var gert. En þó hefði mætt bjóða oss það, sem betra var en jafnvel ananas. Berjasumar var mikil að

Norður og Vesturlandi og furð aði mig á að sjá hversu stór ílát var farið með í berjaleit, en full-munu þau hafa komið aftur. Og hjá hinu góða og gestrisna fólkí á Akureyri, var oftar en einu sinni boðið upp á bláber með rjóma, þó að viðstaða míni þar í þe væri ekki löng. Og svo virðist mjer sem hægt hefði verið að veita eins vel þarna á skipinu, og líklæga mest af athugaleyri að það var ekki gert, og mætti þá verða til nokkurs gagns að um þetta er getið.

28, 4, 34 Helgi Pjeturss.

Leiðrjetting. Í grein minni: „Upp-haf aldaskifta“, hafði lína verið tvísett, en önnur fallið burt, og orðið vitleysa úr. Á að vera þannig: þá endurholdgast menn samt eða eignast nýjan líkama, þegar þessi jarðneski líkami eða líkaminn sem gerður er af efnum þessarar jarðstjörnu, er ónýtur orðinn.

H. P.